

L ö g

um lögreglusamþykkt og byggingarsamþykkt fyrir
Vestmannaeyjasýslu.

Nr. 27.
20.
október.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Fyrir Vestmanneyjasýslu eða hluta hennar má gjöra lögreglusamþykkt og byggingarsamþykkt. Semur sýslunefnd frumvarp til hvorrar samþykktar fyrir sig, og sendir stjórnarráðinu, er staðfestir frumvarpið eða synjar því staðfestingar. Nú er frumvarpi synjað staðfestingar, og leggur stjórnarráðið þá málið af nýju fyrir sýslunefnd með leiðbeining um, hverjar breytingar þurfi að gera, til þess að frumvarpið verði staðfest.

2. gr.

Samþyktirnar staðfestar skal birta í B-deild Stjórnartíðindanna.

3. gr.

Fyrir brot gegn samþyktunum má í þeim ákveða sektir, er renni í sýslusjóð.

4. gr.

Með mál, er rísa út af brotum gegn samþyktum þessum, skal farið sem almenn lögreglumál.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 20. október 1913.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

H. Hafstein.